

# Rafrænt umsóknarblað fyrir rekstraraðila mengandi starfsemi

Umhverfisstofnun / 6.1.2020 12:21



## Upplýsingar um umsóknina

Athygli umsækjanda er vakin á því að hægt er að uppfæra notendaupplýsingar undir flípanum Notandi. Þetta getur sérstaklega átt við þegar umsækjandi hefur áður sótt um starfsleyfi en upplýsingar um hann ekki verið endurnýjaðar.

Umsækjandi skal tryggja að nauðsynlegar upplýsingar komi fram í umsókn, samanber 6. grein 550/2018, einkum liðum a til k í annarri málsgrein.

Dæmigerður ferill umsóknar: Dæmigerður ferill máls um starfsleyfisumsókn.pdf

## Upplýsingar um rekstraraðila

Samkvæmt reglugerð 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, eiga eftirfarandi upplýsingar um starfsemi að koma fram:

Ábyrgðarmaður umsóknar	Kristján Ólafsson
Sími ábyrgðarmanns	8441771
Netfang ábyrgðarmanns	kristjan@molta.is
Nafn fyrirtækis	Molta ehf
Kennitala fyrirtækis	6004070580
Starfsstöð fyrirtækis	Þveráreyrar 1a
Póstnúmer og staður	601
Sími fyrirtækis	8441771
Netfang fyrirtækis	kristjan@molta.is
Tengiliður fyrirtækis ef annar en ábyrgðarmaður umsóknar	Kristján Ólafsson
Sími tengiliðs	8441771
Netfang tengiliðs	kristjan@molta.is

## Upplýsingar um atvinnurekstur

Lýsið tegund og umfangi atvinnurekstrar, sem og umfangi einstakra rekstrarþátta ef við á

Molta tekur á móti lífrænum úrgangi, jarðgerir og breytir honum í verðmæta afurð sem við köllum Kraftmoltu.

Jarðgerð er niðurbrot á lífrænum úrgangi við loftháðar aðstæður þar sem hitakærar örverur melta úrganginn þannig að úr verður moldarkenndur massi, svokölluð molta. Moltan er síðan nýtt sem jarðvegsbætir.

Á síðustu árum hefur molta tekið á móti 7-8 þús. tonnum af lífrænum úrgangi á ári.

Sláturúrgangur ca. 40%,  
Lífrænn heimlis og fyrirtækjaúrgangur 20%  
Stoðefni (dagblöð og timur) ca. 40%.

Einnig höfum við tekið við grasi og garðaúrgangi og jarðgert utandyra.

Lífrænum úrgangi er ekið til okkar á þar til gerðum bílum og sturtað beint ofan í ker sem matar verksmiðjuna. Úrgangurinn fer í gegnum brjót og hakkavél og síðan er stoðefnum bætt við til að fá rétt C/N hlutfall, raka og þéttleika. Eftir þessa forvinnslu berst hráefnið með sniglum í 6 170 rúmmetra tromlur þar sem niðurbrotið fer fram innandyra.

Þegar afurðin kemur út úr verksmiðjunni er henni mokað upp á galta á plani og snúið reglulega með múgvendi til að tryggja loftflæði og rakastig. Eftir ca. 3 mánuði er efninu aftur mokað upp í stærri galta og lokum sigtað fyrir afhendingu.

Hratið sem sigtast frá er notað aftur sem stoðefni í verksmiðjuna í nokkur skipti – en að lokum er það notað í landfyllingu.

Notendur moltunnar eru íbúar, sveitarfélög, landgræðslan, skógræktin og ýmsir verktakar.

Heildarferlið tekur 3 – 6 mánuði.

Uppdrættir af staðsetningu	00.2 Deiliskipulags- og lóðaruppdrættir S001-S005.pdf
Afrit af staðfestu deiliskipulagi	DisplayDoc.aspx.pdf
Lýsið staðháttum við vinnslustað (rekstrarsvæði)	Staðhættir við vinnslustað.docx

Hvaða efni og orka eru notuð við framleiðsluna?

2018 var notað:

Sláturúrgangur	3.034.464 kg.
Heimilis og fyrirtækja úrgangur	1.660.509 kg.
Stoðefni	2.438.379 kg.
Samtals	7.133.354 kg.

Rafmagn	247.427 kWh
Bensín og dísilolía á tæki	12.573 ltr.
Heitt vatn	32.245 m <sup>3</sup>

Engin hjálparefni voruð notuð 2018, en nú 2019 erum við aðeins að prófa að nota Odorite sjá Öryggisblað í viðhengi.

Ef kemur vel út getur magnið orðið 2 - 400 ltr. á ári.

Hver er fyrirsjáanleg losun framleiðslunnar?

Meðhöndlun lífræns úrgangs líkt og gert er í Moltu skilar miklum umhverfisávinningi.

Losun gróðurhúsalofttegunda minnkar og þegar moltan er notuð í stað tilbúins innflutts áburðar verður til enn meiri umhverfisávinningur enda er kolefnisspor tilbúins áburðar verulegt.

Áhrif moltuferlisins á kolefnisbókhald Íslands felst í því að í stað þess að urða lífrænan úrgang þar sem myndast metan (CH<sub>4</sub>) þá verður til koltvísýringur (CO<sub>2</sub>) en metan er 25-30 sinnum öflugri GHG en koltvísýringur og því ávinningurinn gríðarlegur.

Talið er að útblástur GHG minnki um tæp 13 þús. tonn CO<sub>2</sub> - jafngildis árlega við jarðgerð 10 þús. tonna af úrgangi í stað urðunar sé hauggasi ekki öllu safnað. Því má áætla að Molta ehf hafi minnkað útblástur GHG í kringum 9 þús tonn árið 2018.

Í framleiðsluferlinu eru notuð Dísil tæki - Hjólaskófla, Sigtí og bíll.

Árið 2018 voru keyptir 12.573 lítrar af litaðri og ólitaðri olíu.

Losun vegna þessa samkvæmt reiknivél Kolviðs er 33,2 tonn CO<sub>2</sub> sem mætti þá draga frá 9 þús tonna bindingu.

Unnið er að því að minnka olíunotkun með umhverfisvænni lausnum.

Ísland skilar losun á eftirfarandi efnum skv. CLRTAP og UNFCCC. Rekstraraðilar er falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir skila gögnum um losun gróðurhúsalofttegunda skv. lögum nr. 70/2012. Vinsamlegast tilgreinið þá losun í loft sem á sér stað í þeim einingum sem gefnar eru upp í skjalinu. Ef um er að ræða aðra losun er hér er talin upp má bæta við efnum neðst í skjalið.

Fyllið út og skilið inn þessu skjali: Listi skil til althjodasamninga.xlsx

Losunartölur vegna alþjóðasamninga

Mat á umhverfisáhrifum (samanber 6. málsgrein 6. greinar reglugerðar 550/2018)

Upplýsingar um stöðu mats á umhverfisáhrifum eða matsskyldu fyrirspurnar

Samkvæmt Deiliskipulagi - greinagerð (skjal í viðhengi) þá eru Áhrifaþættir, Sigvant, Útblástur og hávaði.

Sigvatn:

Tvö siturbeð eru á svæðinu - eitt sem tekur við frárennsli úr verksmiðju húsi og annað sem tekur við sigvatni af plani.

Verksmiðja:

Brunnur er innandyrá sem tekur við þeim vökva sem kemur af hráefninu og þrífvatni sem notað er til að þrifa framleiðslusvæði. Lítið af þessu vatni fer út úr húsi, þar sem við dælum upp úr þessum brunni í stóran tank og notum til að væta hráefnið (til að ná réttu rakastigi) áður en það fer í niðurbrotsferli inn í tromlum.

Það vatn sem fer út, fer í gegnum tveggja þrepa hreinsikerfi - þ.e. fituskilju og siturbeð.

- Sýni eru tekin á hverju ári.

Plan:

Malbik

Þar eru niðurföll sem taka við regnvatni og því vatni sem getur lekið úr moltunni. Þetta fer í gegnum annað siturbeð og sýni eru tekin á hverju ári.

Malarplan

Sigvatnsmyndun er ekki mikil en þó getur sigvatn lekið frá Moltu í mikilli úrkomu, planið hallar eilítið og lítill lækur (afrennsli) við enda plans. Þar eru tekin sýni árlega.

Útblástur/lykt.

Ekki er lykt af útblæstri verksmiðjunnar þar sem sá útblástur er hreinsaður með ósonrafali. Lykt getur komið að moltu utandyra og höfum við fengið nokkrar lyktarkvartanir á ári. Undanfarið hefur vinnsluferli utandyra verið breytt til að minnka líkurnar á lykt frá starfsseminni. Árið 2018 bárust okkur 4 tilkynningar um lykt - bárust beint til okkar ekki opinberar kvartanir.

Teljum að ónæði vegna lyktar af moltu á svæðinu sé ekki mikil, og ekki meiri en frá landbúnaði í sveitinni og áhrif því óveruleg þó einhver lykt geti borist frá starfsseminni í einstaka tilfellum og þá í skamman tíma í einu.

Hávaði.

Ónæði vegna hávaða er ekki til staðar - enda ekki mikill háfaði í jarðgerðarstöðinni og erum nokkuð fjarri næstu íbúðarhúsum og þjóðvegi.

## Áhrif á umhverfið

Hver eru áhrif losunar á umhverfið?

Deiliskipulag - Greinagerð.pdf

Hvaða mengunarvarnir verða valdar til að hindra eða draga úr losun út í umhverfið?

Sjá að ofan, en erum að prufa að nota Odorite.

Erum með Ósontæki sem Raf ehf sér um þjónustu á.

Heildar afköst Ósons er 400 g/klst (2x200g/klst)

Tækin Samanstanda af:

1. Loftpressa: Þrýsta andrúmslofti upp í 7 BAR
2. Kæliþurrkari, síur: Taka vatn og óheinindi úr þrýstilofti
3. Active carbon turn: Taka leyfar af olíu úr þrýstilofti
4. Súrefnistæki: Skilja frá aðrar gastegundir en súrefni úr þrýstilofti. Framleiðsla á 93% - 95% heinu súrefni O2.
5. Ósontæki.
  - a. Ósellsellur: Breyta súrefni O2 í Óson O3 með rafmagni (Corona discharge)
  - b. Stýring og dreyfilokar: Stjórna ósellsellum, ósondreyfingu og mælingu á ósoni fyrir hvern notkunarstað.

Hverjar eru áætlaðar aðgerðir til að fylgjast með losun út Losun út í umhverfið.docx í umhverfið?

Lýsið tilhögun innra eftirlits vegna losunar út í umhverfið

Við skilum til UST

Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi.

Erum við með Gæðakerfi með verkferlum þar sem meðal annars er tekið á:

- Hitamælingar í tromlum
- Hitamælingar í göltum
- Sýnataka úr Moltu send til Promat.

Lýsið ráðstöfunum til að koma í veg fyrir myndun úrgangs

Eini úrgangurinn sem myndast hjá okkur er plast og aðskotahlutir sem koma í lífrænum heimilis og fyrirtækjaúrgangi.

Við erum með reglulegar auglýsingarherferðir í samstarfi við sveitarfélög og herjum á íbúa og fyrirtækja að flokka vel.

Lýsið tegund og magni úrgangs sem fellur til við framleiðsluna

Í raun fellur enginn úrgangur til við framleiðslu í dag. Allt er jarðgert.

Lýsið því hvort aðferðir sem valdar hafa verið til að dragaNei úr mengun, komi til með að valda mengun annarsstaðar

Munu losunarbættir viðkomandi reksturs hafa í för með **Nei**  
sér sammögnunaráhrif?

Skýrsla um grunnástand (ef við á)

Í reglugerð nr. 550/2018 segir í 15. gr.: „Þegar starfsemi felur í sér notkun, framleiðslu eða losun tiltekinnar hættulegra efna skal rekstraraðili, með hliðsjón af mögulegri jarðvegs- og grunnvatnsmengun á iðnaðarsvæði starfseminnar, taka saman og leggja fyrir Umhverfisstofnun skýrslu um grunnástand svæðisins áður en starfsemin hefst eða áður en starfsleyfi starfseminnar er uppfært.“

Evrópusambandið hefur gefið út leiðbeiningar um skýrslur fyrir grunnástand%lt;/a>.

Skýrsla um grunnástand sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 550/2018

Valkostir í áætluðum aðgerðum til að fylgjast með losun í umhverfið

## Annað

Sýniseintök til viðmiðunar:

Áætlun vegna rekstrarstöðvunar; (Sýniseintak)

Samantekt sem er ekki á tæknimáli um þau atriði sem fram koma í umsókninni.

Áhrifaþættir gætu verið:

Sigvatn  
Útblástur  
Hávaði  
Lykt  
Plast

Tekið er á öllum þessum þáttum.

Sigvatn - hringrás innanhúss og siturbeð úti.

Útblástur - blandaður með Ósoni

Hávaði - Ekki um hávaðamengun að ræða.

Lykt - Breytt ferli, Óson, Odorite.

Plast - Turbo Separator.

Annað sem umsækjandi vill koma á framfæri	Nei
Áætlun vegna tímabundinnar rekstrarstöðvunar	Áætlun vegna rekstrarstöðvunar.docx
Áætlun vegna varanlegrar rekstrarstöðvunar	Áætlun vegna rekstrarstöðvunar.docx

Umsókn um starfsleyfi fyrir starfsemi sem getur valdið bráðamengun á hafi eða ströndum vegna eðlis starfseminnar og/eða nálægðar hennar við sjó og talin er upp í a-lið í viðauka I í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda skal auk þess fylgja:

Viðbragsáætlun vegna bráðamengunar (Sýniseintak)

Staðfesting á að starfsemin hafi tryggingu í samræmi við Ekki þörf á tryggingu.txt  
lög nr. 33/2004

Áhættumat vegna bráðamengunar hafs og stranda	Áhættumat v. bráðamengunar hafs og stranda23112018.pdf
Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda	Áhættumat v. bráðamengunar hafs og stranda23112018.pdf

Viðbragðsáætlunin skal byggja á (áhættumati)

Viðbótargögn

Viðbótargögn

Yfirlýsing